

## 3. gr.

Vatn til skipa skal vera kr. 50.00 fyrir hvern m<sup>3</sup> vatns, en þó aldrei lægra en kr. 500.00 fyrir hvert skip.

## 4. gr.

Stofngjald húsa skal ákveðið af hreppsnefnd árlega.

## 5. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 1500.00 og leiga kr. 1000.00 fyrir hvern mæli.

## 6. gr.

Skylt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda þótt ekki liggja fyrir fasteignamat.

## 7. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. maí 1971.*

**Emil Jónsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

### um hrossaræktarbú að Hólum í Hjaltadal.

## 1. gr.

Á Bændaskólanum á Hólum í Hjaltadal skal starfrækja, á kostnað ríkissjóðs, kynbótabú fyrir reiðhross, samkv. 48. gr. laga nr. 21/1965 um búfjárrækt.

## 2. gr.

Skólastjóri Bændaskólans á Hólum hefur yfirumsjón með rekstri kynbótabúsins að öðru en því, sem sérstaklega er tekið fram í reglugerð þessari.

## 3. gr.

Hrossakynbótabúinu stjórnar 3ja manna nefnd, þannig skipuð:

1. Skólastjóri Bændaskólans á Hólum, og er hann formaður og fjárhaldsmaður.
2. Hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands.
3. Aðili skipaður af landbúnaðarráðherra.

Tveir varamenn skulu tilnefndir af ráðherra. Heimilt skal varamönnum að sitja nefndarfundi.

## 4. gr.

Nefndarfundir skulu haldnir á Hólum minnst 3 sinnum á ári. Fyrsti fundur skal haldinn fyrir febrúarlok. Þar skal gera grein fyrir starfsemi búsins á s. l. ári, taka ákvarðanir um tanningar og til hvaða hesta hryssur skuli leiddar, leigu stóðhesta og önnur mál, sem varða vorstarfsemi búsins.

Annar fundur skal haldinn snemma vors. Þá skal framkvæma nákvæma athugun á kynbótahrossunum, taka lokaákvörðanir um sýningar og framhald á tamningu.

Þriðji fundur skal haldinn fyrir októberlok. Þá skal taka lokaávörðun um ásetning og sölu hrossa.

Heimilt er nefndarmanni að boða til fleiri funda, ef þörf krefur.

#### 5. gr.

Formaður boðar til funda með bréfi eða símskeyti, þannig að fundarboð sé komið fram minnst 10 dögum fyrir fundardag.

Kynbótabúið sér nefndarmönnum fyrir fæði og húsnæði meðan á fundum stendur, þeim að kostnaðarlausu.

#### 6. gr.

Allar ákvörðanir nefndarinnar skulu færðar í gjörðabók. Fundargerðir skulu undirritaðar af öllum nefndarmönnum.

#### 7. gr.

Nefndarfundur er því aðeins lögmætur og ákvörðunarbær, að þrír nefndarmenn sitji fund þar af tveir aðalmenn.

#### 8. gr.

Grunnstofn kynbótabúsins skal vera:

1. Hryssur, sem eftir eru af þeim 20 hryssum, sem upprunalega voru keyptar til búsins frá Vatnsleysu, Kolkuósi, Svaðastöðum og Kýrholti, á árunum 1964—65.
2. Stóðhestar skulu vera af sama stofni og hryssurnar.
3. Afkvæmi ofantalinna hrossa.

Á búinu fer fram stofnræktun reiðhesta af ofangreindum stofni án blöndunar af öðrum óskyldum stofnum.

Ekki skal ræktaður neinn sérstakur hrossalitir. Stefnt skal að því, að fullvaxnar hryssur séu 138 cm bandmál og stóðhestar eigi minni en 140 cm bm.

Nefndin skal gera eða láta gera nákvæma lýsingu á hrossi sem vera skal **fyrirmyndar hestur**, sem að er stefnt í ræktun búsins. Skrásetja skal þessa lýsingu í fundarboð stjórnarinnar.

Skrásetja skal í stofnbók nákvæma lýsingu á hryssum og stóðhestum, sem mynda kynbótabúið. Lýsingu á kynbótahrossum skal fylgja glögg ljósmynd, tryggilega fest í bókina.

Halda skal sérstaka skrá yfir öll þau hross, sem seld eru frá búinu og geta kaupenda.

Halda skal sérstaka **úrvalsættbók** yfir úrvalshross búsins. Ákveður nefndin sérstaklega hvaða hross skulu færð í þessa bók og getur um leið kosta þeirra. Allar gerðabækur og ættbækur skulu geymdar í **eldtraustum skáp** á Hólum.

#### 9. gr.

Nefndin skal ráða vel hæfan tamningamann fyrir búið og ákveða laun hans og kjör fyrir það starf. Heimilt er nefndinni í samráði við skólástjóra að ráða starfsmenn búsins til þessa starfs.

#### 10. gr.

Afkvæmi undan hryssum, sem fengið hafa með öðrum hestum en nefndin ákveður hverju sinni, skulu útilokuð frá kynbótastarfsemi búsins, nema með samhljóða samþykki allrar nefndarinnar.

Hrossaræktarráðunautur gerir árlega tillögur til nefndarinnar um þau folöld, sem sett skulu á og alin til fullorðins aldurs og tanningar. Um slíkar og aðrar tillögur ráðunautar eða annarra nefndarmeðlima ræður meirihluti atkvæða nefndarmanna.

**11. gr.**

Óheimilt er að selja hross frá kynbótabúinu, nema heimild nefndarinnar komi til. Nefndin ákveður sölutíma og söluskilmála söluhrossa, en samstarf skal hafa við skólastjóra um öll atriði, er varða slíka sölu.

Hrossum, sem seld eru frá búinu, skal ávallt fylgja staðfest ættbókarskirteini.

**12. gr.**

Óheimilt er að kaupa kynbótahross til búins, nema af þeim stofni, sem frumræktaður er á búinu, og getið er um í 8. gr. þessarar reglugerðar.

**13. gr.**

Nefndinni er heimilt að leigja stóðhesta frá búinu. Nefndin ákveður leiguskilmála, s. s. folatoll, leigutíma, tölu á hryssum og val á hryssum, sem leiða má til hests. Aðeins má hafa stóðhesta í lögmatum girðingum, þar sem er nægilegt skjól eða skýli og góðir hagar. Hryssur sem leiða á til hests tiltekið tímabil skulu að jafnaði vera komnar í hestagirðinguna áður en stóðhestinum er sleppt þar.

**14. gr.**

Öll hross, sem til lífs eru valin á kynbótabúinu skal fulltemja, nema nefndin telji hentara að selja einstaka kynbótagripi fyrr en tamingaraldri er náð.

**15. gr.**

Sýna skal vel tamin kynbótahross, stóðhesta og hryssur, sem eru í eign búins, á héraðssýningum og landssýningum fyrir reiðhross.

Nefndin ákveður hvaða hross skulu sýnd hverju sinni.

**16. gr.**

Stjórnarnefnd kynbótabúsins tekur allar ákvarðanir um tryggingar á stóðhestum og kynbótahryssum.

**17. gr.**

Sérstakt reikningshald skal halda fyrir kynbótabúið og skal uppgjör ársreikninga sent samtímis reikningum skólabúsins til landbúnaðarráðuneytisins og til ríkisendurskoðunarinnar.

Halli á rekstri kynbótabúsins greiðist úr ríkissjóði, en nefndin skal leitast við, að tekjur af hrossaræktarbúinu standi undir rekstri þess.

**18. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 21/1965, öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 12. maí 1971.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*